


Heilsuleikskólinn Krókur, Grindavík

Hvað finnum við undir fótum okkar?



Höfundar myndverks: Auður Ómarsdóttir og Myrra Mjöll Daðadóttir



Erasmus+
www.erasmusplus.is

Sama jörðin undir iljum allra

Alltof sjaldan tekur mannskepan sér tíma til að íhuga það sem finna má undir fótum hennar og mikilvægi þess að varðveita náttúru heimsins. Þær Herdís Gunnlaugsdóttir og Harpa Rakel Hallgrímsdóttir á Heilsuleikskólanum Króki í Grindavík gerðu þó sitt til að hvetja næstu kynslóð til íhugunar um umhverfismálefni með verkefninu „Hvað finnum við undir fótum okkar?“ í samvinnu við leikskólann Böle í Piteá í Svíþjóð.

„Umhverfisvitund barnanna jókst, þau kynntust betur sínu nánasta umhverfi og fræddust um umhverfi leikskólabarnanna í Piteá,“ segir hún um ávinning verkefnisins. „Við fullorðna fólk íð lærðum nýjar leiðir til að miðla þekkingu til barnanna, urðum öruggari í eigin ákvarðanatöku og sáum hversu auðvelt það var að vinna að svona verkefni með öðrum skólum.“

Í verkefninu var lögð áhersla á hugmyndir og skoðanir barnanna. Unnið var bæði í litlum og stórum hópum innandyrna sem utan þar sem leikurinn var í fyrirrúmi. Notast var við fjölbreyttar kennsluaðferðir svo sem ævintýraferðir og spjaldtölvur auk þess sem samræður þar sem börnin lærðu að hlusta á skoðanir annarra voru stór hluti af verkefninu. Í listasmiðju notuðu íslensku börnin endurvinnanleg efni til að föndra líkön af plánetunni okkar sem er eftir allt einmitt það sem bæði þau og börnin í Svíþjóð hafa undir fótum sér.

„Það sem kom mest á óvart var hversu einfalt það er að vinna að svona verkefni og auðvelt að aðlaga verkefnið að aðalnámskrá,“ segir Herdís sem kveður verkefnið ekki aðeins hafa verið lærdómsríkt fyrir börnin.

„Ég fékk mikla aðstoð þegar ég þurfti á henni að halda frá samkennurunum í Svíþjóð. Þetta var mitt fyrsta verkefni í eTwinning og óöryggið bankaði stundum á öxlina um hvort ég væri að gera rétt.“

Það er ekki nóg með að verkefnið sjálft hafi verið krefjandi því það var líka mikið ævintýri fyrir Herdís þegar hún fékk tækifæri til að fara með góðum hópi fólks á 10 ára afmælisráðstefnu eTwinning sem haldin var í Brussel í október 2015.

„Það var mjög gaman að sjá hvað aðrir eru að gera vel, læra af þeim og sjá hversu opin og dugleg þau eru að tileinka sér nýjungar og deila með öðrum.“

Dagbók verkefnisins má finna á

www.twinspace.etwinning.net/477 þar sem hægt er að kynna sér afrakstur þess í þaula.



Ég fékk mikla aðstoð
þegar ég þurfti á henni
að halda